

HLUTHAFAFUNDUR FLY PLAY HF.

15. ÁGÚST 2025

ENDANLEG DAGSKRÁ OG TILLÖGUR STJÓRNAR

Stjórn Fly Play hf. hefur boðað til hluthafafundar félagsins þann 15. ágúst 2025 kl. 16:00, á skrifstofu félagsins að Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Ákvörðun um útgáfu skuldabréfa með breytirétti að upphaflegri höfuðstólsfjárhæð allt að kr. 2.425.000.000.
2. Ákvörðun um veitingu heimildar til stjórnar til að gefa út skuldabréf með breytirétti að upphaflegri höfuðstólsfjárhæð allt að kr. 450.000.000.
3. Ákvörðun um veitingu heimildar til stjórnar til að gefa út nýtt hlutafé að nafnverði allt kr. 4.150.000.000 til að mæta breytirétti skuldabréfaeigenda.
4. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins í samræmi við framangreinda heimild.
5. Önnur mál löglega fram borin

ENDANLEG DAGSKRÁ TILLÖGUR STJÓRNAR

1. Tillaga um útgáfu skuldabréfa með breytirétti.

Í samræmi við 47. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög („hfl.“) er gerð tillaga um að félagið gefi út skuldabréf með breytirétti að upphaflegri höfuðstólsfjárhæð allt að kr. 2.425.000.000 á eftirfarandi skilmálum:

Vextir og afborgun:

Skuldabréfin verða gefin út rafrænt í óverðtryggðum skuldabréfaflokki til 24 mánaða með fasta óverðtryggða 17,5% ársvexti. Vextir reiknast dag frá degi samkvæmt dagareglunni 30E/360. Skuld samkvæmt skuldabréfunum skulu greiðast upp að fullu á lokagjalddaga þeirra. Engar vaxtagreiðslur fara fram fyrstu 12 mánuði lánstímans, en áfallnir og ógreiddir vextir bætast við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Þar á eftir greiðast vextir mánaðarlega sem nema helmingi áfallna vaxta vegna hvers mánaðar. Höfuðstóll ásamt áföllnum og ógreiddum vöxtum greiðist í einu lagi á lokagjalddaga skuldabréfanna.

Skuldabréfin eru óuppgreiðanleg fyrstu 18 mánuði líftíma skuldabréfanna, en þar á eftir getur félagið greitt inn á skuldabréfin í heild eða að hluta. Þrátt fyrir framangreint, er félaginu skylt að greiða upp skuld samkvæmt skuldabréfunum komi til sölu á 30% eignarhlut eða meira í Fly Play Europe Limited til þriðja aðila.

Breytiréttur:

Skuldabréfaeigendum er heimilt, en ekki skylt, við hverja afborgun skuldabréfanna, hvort sem um er að ræða uppgreiðslu eða afborgun á gjalddaga, að umbreyta kröfu sinni í nýtt hlutafé í félaginu, á genginu kr. 1,0 fyrir hvern hlut.

Tryggingar og vanefndaúrræði:

Til tryggingar á efndum skuldbindinga samkvæmt skuldabréfunum kemur félagið til með að veita eftirfarandi tryggingar til skuldabréfaeigenda:

- Veð í öllu hlutafé dótturfélaga félagsins, Fly Play Europe Limited og Play Lithuania UAB.
- Veð í öllum almennum fjárkröfum félagsins á hendur dótturfélögum.
- Veð í hugverkaréttindum, s.s. vörumerkjum, vefsíðu og hugbúnaðarlausnum samstæðunnar.
- Eftir atvikum veð í öðru sem skuldabréfaeigendur kunna að benda á.

Komi til vanefndar á skuldbindingum samkvæmt skuldabréfunum, er skuldabréfaeigendum heimilt að setja af stað söluferli á dótturfélögum félagsins, þar sem söluandvirðinu skal ráðstafað til uppgreiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfunum.

Kaupréttur:

Samhliða útgáfu skuldabréfanna mun félagið úthluta skuldabréfaeigendum kaupréttum á 30% eignarhlut í Fly Play Europe Limited, þar sem að rétturinn deilist milli skuldabréfaeigenda í sömu hlutföllum og hlutdeild þeirra í heildarútgáfu skuldabréfa. Kauprétturinn hefur 3 ára gildistíma og veitir handhöfum rétt til að kaupa eignarhlut í Fly Play Europe Limited á kaupgengi sem nemur nafnverði hlutafjár. Á meðan skuldabréfið er ekki greitt upp að fullu, þarf samþykki skuldabréfaeigenda sem fara saman með 90% heildarútgáfu til að nýta kaupréttinn.

Áskrift, skilyrði og útgáfa:

Félagið hefur þegar safnað skilyrtum áskriftum fyrir hámarksfjárhæð skuldabréfaútgáfunnar. Skuldbindingar félagsins og áskrifenda eru skilyrtar við að (i) hluthafafundur samþykki þær tillögur sem hér eru lagðar fram, (ii) að endanlegri skjalagerð sé lokið svo ásættanlegt sé fyrir alla aðila, (iii) að búið sé að leggja fram tryggingar í samræmi við kröfur skilmála skuldabréfaútgáfunnar og að (iv) áreiðanleikakönnun skuldabréfaeigenda verði lokið og niðurstöður hennar ásættanlegar skuldabréfaeigendum.

Skilyrði skulu uppfyllast eigi síðar en þann 31. ágúst 2025, eða síðar samkvæmt samkomulagi félagsins og áskrifenda. Að skilyrðum skuldabréfaútgáfunnar uppfylltum, mun félagið tilkynna áskrifendum um úthlutun skuldabréfa til þeirra og kemur þá til greiðslu áskriftarverðs og úthlutun skuldabréfanna 7 dögum síðar.

Forgangsréttur hluthafa:

Gerð er tillaga um að hluthafar félagsins falli frá forgangsrétti sínum til áskriftar að breytanlegu skuldabréfunum.

Réttindi skuldabréfaeigenda:

Með vísan til til 2. mgr. 47. gr. hfl., skulu skuldabréfaeigendur ekki njóta sérstakra réttinda umfram það sem leiðir af almennum reglum, né skulu réttindi þeirra skerðast ef hlutafé hækkað, lækkað, gefin eru út ný breytanleg skuldabréf eða áskriftarréttindi eða félagi er slitið, þar á meðal með samruna eða skiptingu.

2. Ákvörðun um veitingu heimildar til stjórnar til útgáfu breytanlegra skuldabréfa

Í samræmi við 48. gr. hfl. er gerð tillaga um að stjórn félagsins verði veitt heimild til að gefa út skuldabréf með breytirétti að samanlagðri höfuðstólsfjárhæð allt að kr. 450.000.000. Skilmálar þeirra skuldabréfa skulu vera þeir sömu og gert er grein fyrir undir dagskrárlið 1. Nýti stjórn þá heimild, skal stjórn félagsins skal ráða skilmálum áskriftar, þ.m.t. um frest til áskriftar, þáttökuskilyrði og greiðslufrest.

3. Ákvörðun um veitingu heimildar til stjórnar til að hækka hlutafé

Í samræmi við tillögu samkvæmt dagskrárlið 1 og 3. mgr. 47. gr. hfl., er gerð tillaga um að stjórn félagsins verði veitt heimild til þess að hækka hlutafé um allt að kr. 3.500.000.000 að nafnverði með útgáfu jafn margra hluta til þess að mæta breytirétti skuldabréfaeigenda skuldabréfaeigenda að skuldabréfaeigendum gefnum út samkvæmt ákvörðun hluthafafundar.

Í samræmi við tillögu samkvæmt dagskrárlið 2 og 1. mgr. 48. gr. hfl., er gerð tillaga um að stjórn félagsins verði veitt heimild til þess að hækka hlutafé um allt að kr. 650.000.000 að nafnverði með útgáfu jafn margra hluta til þess að mæta breytirétti skuldabréfaeigenda að skuldabréfum gefnum út samkvæmt heimild stjórnar.

4. Tillaga um breytingu á samþykktum

Í samræmi við ákvörðun um veitingu heimildar til stjórnar til að hækka hlutafé sbr. dagskrárlið 1 er lagt til að nýrri grein 2.9 verði bætt við samþykktir félagsins, sem skal vera svohljóðandi:

„Stjórn félagsins er heimilt eftir því sem þörf krefur í samræmi við 41. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 3.500.000.000 að nafnverði með útgáfu jafn margra nýrra hluta til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt breytirétti skuldabréfa sem gefin eru út samkvæmt samþykkt hluthafafundar þann 15. ágúst 2025¹. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og njóta sömu réttinda og aðrir hlutir í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum samkvæmt 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög vegna útgáfu nýrra hluta samkvæmt heimild þessari. Stjórn félagsins er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við nýtingu heimildarinnar. Heimild þessi skal vera í gildi til 15. ágúst 2030 og skal þá falla niður að því marki sem hún er ekki þegar nýtt.“

Viðauki 1 við samþykktir félagsins skal hljóða svo:

„Á hluthafafundi félagsins þann 15. ágúst var samþykkt að félagið gefi út skuldabréf með breytirétti að upphaflegri höfuðstólsfjárhæð allt að kr. 2.425.000.000 á eftirfarandi skilmálum:

¹ Samþykkt hluthafafundar dags. 15. ágúst 2025 má finna í viðauka 1 við samþykktir þessar.

Vextir og afborgun:

Skuldabréfin verða gefin út rafrænt í óverðtryggðum skuldabréfaflokki til 24 mánaða með fasta óverðtryggða 17,5% ársvexti. Vextir reiknast dag frá degi samkvæmt dagareglunni 30E/360. Skuld samkvæmt skuldabréfunum skulu greiðast upp að fullu á lokagjaldþega þeirra. Engar vaxtagreiðslur fara fram fyrstu 12 mánuði lántímans, en áfallnir og ógreiddir vextir bætast við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Þar á eftir greiðast vextir mánaðarlega sem nema helmingi áfallna vaxta vegna hvers mánaðar. Höfuðstóll ásamt áföllnum og ógreiddum vöxtum greiðist í einu lagi á lokagjaldþega skuldabréfanna.

Skuldabréfin eru óuppgreiðanleg fyrstu 18 mánuði líftíma skuldabréfanna, en þar á eftir getur félagið greitt inn á skuldabréfin í heild eða að hluta. Þrátt fyrir framangreint, er félaginu skylt að greiða upp skuld samkvæmt skuldabréfunum komi til sölu á 30% eignarhlut eða meira í Fly Play Europe Limited til þriðja aðila.

Breytiréttur:

Skuldabréfaeigendum er heimilt, en ekki skylt, við hverja afborgun skuldabréfanna, hvort sem um er að ræða uppgreiðslu eða afborgun á gjaldþega, að umbreyta kröfu sinni í nýtt hlutafé í félaginu, á genginu kr. 1,0 fyrir hvern hlut.

Tryggingar og vanefndaúrræði:

Til tryggingar á efndum skuldbindinga samkvæmt skuldabréfunum kemur félagið til með að veita eftirfarandi tryggingar til skuldabréfaeigenda:

- Veð í öllu hlutafé dótturfélaga félagsins, Fly Play Europe Limited og Play Lithuania UAB.
- Veð í öllum almennum fjárkröfum félagsins á hendur dótturfélögum.
- Veð í hugverkaréttindum, s.s. vörumerkjum, vefsíðu og hugbúnaðarlausnum samstæðunnar.
- Eftir atvikum veð í öðru sem skuldabréfaeigendur kunna að benda á.

Komi til vanefndar á skuldbindingum samkvæmt skuldabréfunum, er skuldabréfaeigendum heimilt að setja af stað söluferli á dótturfélögum félagsins, þar sem að söluandvirðinu skal ráðstafað til uppgreiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfunum.

Kaupréttur:

Samhliða útgáfu skuldabréfanna mun félagið úthluta verður skuldabréfaeigendum einnig úthlutað kaupréttum á 30% eignarhlut í Fly Play Europe Limited, þar sem að rétturinn deilist milli skuldabréfaeigenda í sömu hlutföllum og hlutdeild þeirra í heildarútgáfu skuldabréfa. Kauprétturinn hefur 3 ára gildistíma og veitir handhöfum rétt til að kaupa eignarhlut í Fly Play Europe Limited á kaupgengi sem nemur nafnverði hlutafjár. Á meðan skuldabréfið er ekki greitt upp að fullu, þarf samþykki skuldabréfaeigenda sem fara saman með 90% heildarútgáfu til að nýta kaupréttinn.

Áskrift, skilyrði og útgáfa:

Félagið hefur þegar safnað skilyrtum áskriftum fyrir hámarksfjárhæð skuldabréfaútgáfunnar. Skuldbindingar félagsins og áskrifenda eru skilyrtar við að (i) hluthafafundur samþykki þær tillögur sem hér eru lagðar fram, (ii) að endanlegri skjalagerð sé lokið svo ásættanlegt sé fyrir alla aðila, (iii) að búið sé að leggja fram tryggingar í samræmi við kröfur skilmála skuldabréfaútgáfunnar og að (iv) áreiðanleikakönnun skuldabréfaeigenda verði lokið og niðurstöður hennar ásættanlegar skuldabréfaeigendum.

Skilyrði skulu uppfyllast eigi síðar en þann 31. ágúst 2025, eða síðar samkvæmt samkomulagi félagsins og áskrifenda. Að skilyrðum skuldabréfaútgáfunnar uppfylltum, mun félagið tilkynna áskrifendum um úthlutun skuldabréfa til þeirra og kemur þá til greiðslu áskriftarverðs og úthlutun skuldabréfanna 7 dögum síðar.

Forgangsréttur hluthafa:

Gerð er tillaga um að hluthafar félagsins falli frá forgangsrétti sínum til áskriftar að breytanlegu skuldabréfunum.

Réttindi skuldabréfaeigenda:

Með vísan til til 2. mgr. 47. gr. hfl., skulu skuldabréfaeigendur ekki njóta sérstakra réttinda umfram það sem leiðir af almennum reglum, né skulu réttindi þeirra skerðast ef hlutafé hækkað, lækkað, gefin eru út ný breytanleg skuldabréf eða áskriftarréttindi eða félagi er slitið, þar á meðal með samruna eða skiptingu.“

Í samræmi við ákvörðun um veitingu heimildar til stjórnar til að gefa út breytanleg skuldabréf sbr. dagskrárliður 2 er lagt til að nýrri grein 2.11 verði bætt við samþykktir félagsins, sem skal vera svohljóðandi:

„Stjórn félagsins er heimilt fyrir hönd félagsins að gefa út skuldabréf að höfuðstólsfjárhæð allt að kr. 450.000.000 krónur með breytirétti fyrir skuldabréfaeigendur. Hluthafar í félaginu falla frá forgangsrétti til áskriftar að skuldabréfunum samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og samþykktum þessum. Skilmálar skuldabréfanna skulu vera þeir sömu og skuldabréf samkvæmt gr. 2.9 og viðauka 1 við þessar samþykktir. Nýti stjórn þessa heimild, skal stjórn félagsins skal ráða skilmálum áskriftar, þ.m.t. um frest til áskriftar, þáttökuskilyrði og greiðslufrest. Heimild þessi gildir til 15. ágúst 2026“

Í samræmi við ákvörðun um veitingu heimildar til stjórnar til að gefa út breytanleg skuldabréf sbr. dagskrárliður 2 er lagt til að nýrri grein 2.13 verði bætt við samþykktir félagsins, sem skal vera svohljóðandi:

„Stjórn félagsins er heimilt eftir því sem þörf krefur í samræmi við 41. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 650.000.000 að nafnvirði með útgáfu jafn margra nýrra hluta til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt breytirétti skuldabréfa sem gefin eru út samkvæmt heimild stjórnar sbr. gr. 2.11. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og njóta sömu réttinda og aðrir hlutir í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Hluthafar falla

frá forgangsrétti sínum samkvæmt 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög vegna útgáfu nýrra hluta samkvæmt heimild þessari. Stjórn félagsins er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við nýtingu heimildarinnar. Heimild þessi skal vera í gildi til 15. ágúst 2030 og skal þá falla niður að því marki sem hún er ekki þegar nýtt.“

GREINARGERÐ STJÓRNAR

Fyrirhuguð skuldabréfaútgáfa miðar að því að halda áfram uppbyggingu og gera félaginu kleift að fjármagna þær breytingar sem boðaðar hafa verið á viðskiptalíkani Fly Play. Framtíðarsýn við straumlínulögun á viðskiptalíkani felst í því að bjóða upp á gott framboð til sólarlandastaða og borga sem eru vinsælar á meðal Íslendinga, hætta flugi til Norður-Ameríku og því fækka borgaráfangastöðum í Norður-Evrópu. Fjórar flugvélar í einkennislitum félagsins munu sinna flugi frá Íslandi með íslenskum áhöfnum en hinar sex vélarnar verða leigðar í arðbær verkefni til annarra flugrekenda. Flogið verður undir maltnesku flugrekstrarleyfi og íslenska flugrekstrarleyfinu skilað.

Félagið hefur aflað skilyrtra áskrifta til breytanlegu skuldabréfanna að andvirði kr. kr. 2.425.000.000. Á meðal áskrifenda eru núverandi hluthafar félagsins og nýir fjárfestar. Þá er stjórn veitt heimild til útgáfu breytanlegra skuldabréfa að höfuðstólsfjárhæð kr. 450.000.000 til að mæta mögulegri viðbótar fjárförf í tengslum við umbreytingu á viðskiptalíkan félagsins. Fjármögnunin er nauðsynleg til þess að styrkja rekstur félagsins í ljósi neikvæðrar rekstrarniðurstöðu síðustu missera. Þá verður fjármagni varið í tilfallandi kostnað sem fylgir umbreytingu á rekstrarmódeli félagsins.

Reykjavík, [DAGS]